

FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA



BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA

2. fundur stjórnar Byggðasafns Árneseinga var haldinn þriðjudaginn 13. september 2022, kl. 18 í Búðarstíg 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhildur Dröfn Ingvadóttir og Árni Eiríksson. Einnig situr fundinn safnstjóri Lýður Pálsson sem skrifaði fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.

1. **Starfsáætlun Byggðasafns Árneseinga 2023.** Starfsáætlunin lögð fram, útskýrð af safnstjóra og samþykkt af stjórn.

2. **Rekstraráætlun Byggðasafns Árneseinga 2023.** Lögð var fram rekstraráætlun fyrir næsta ár og hún rædd ítarlega. Einnig lagði safnstjóri fram drög að greinargerð með rekstraráætluninni þar sem hver og einn tekju- og rekstrarliður er útskýrður. Til grundvallar áætluninni liggur staða fyrstu átta mánaða ársins 2022 og útgönguspá, auk launaáætlunar. Safnstjóri ræddi stöðu bankareiknings safnsins en safnið nýttir yfirdráttarheimild vegna sveiflna á veltu safnsins. Nauðsynlegt er að reka safnið með rekstrarafgangi næsta ár til að bæta lausafjárstöðu safnsins. Áætlunin gerir ráð fyrir um 100 milljón króna veltu. Stærsti útgjaldaliðurinn eru laun og launakostnaður en á árinu verða þrjú starfsmenn í fullu starfi við safnið auk ræstitækis og lausráðinna starfsmanna við gæslu og leiðsögn. Gert er ráð fyrir skynsamlegum niðurstöðum kjarasamninga sem gilda frá 1. mars 2023. Kostnaður vegna viðgerða og viðhalds er jafnframt töluverður og lagði safnstjóri fram áætlun um nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir á næsta ári. Stjórn safnsins samþykkir að sérstakur aukaliður verði settur upp í tekjulið: „Aukaframlag Héraðsnefndar Árneseinga til að borga upp yfirdráttarheimild“ og yrði 10 milljónir króna sem eru eftirstöðvar framkvæmda við Búðarstíg 22. Stjórn safnsins samþykkir að leggja rekstraráætlunina fyrir haustfund Héraðsnefndar Árneseinga.

3. **Umsóknir í sjóði.** Safnstjóri sagði frá þeim styrkjum sem safnið fengi til margvíslegra verkefna. Fyrst og fremst eru styrkumsóknir sendar Safnasjóði, Húsafriðunarsjóði og Uppbyggingasjóði Suðurlands. Framundan eru skilafrestir í alla þessa sjóði og er vinna hafin við gerð umsókna. Leitað verður styrkja í fleiri samfélagssjóði en að jöfnu er um að ræða samkeppnissjóði og hvergi á vísan að róa. Stjórnin ræddi umsóknir í sjóði og verður leitað leiða til að fjármagna ýmis þörf verkefni við safnið.

4. **Afmælisár framundan.** Safnstjóri sýndi stjórninni skráningarbók Byggðasafns Árneseinga sem rituð var af Skúla Helgasyni frá Svínvatni sem safnaði gripum til Byggðasafns Árneseinga í upphafi. Nær bókin til 1970. Fyrstu skráðu gripirnir komu árið 1953 og því ljóst að á næsta ári verður safnið 70 ára. Safnið mun halda upp á afmælið í samvinnu við Listasafn Árneseinga sem einnig á afmæli á næsta ári. Fyrirhuguð er dagskrá og sýning um Ásgrím Jónsson listmálara.

5. **Skoðunarferð um sýningar safnsins.** Frestað til næsta fundar. Safnstjóri bendir stjórnarmönnum á að tilvalið sé að koma á safnið í Menningarmánuði Árborgar þegar safnið verður opið á völdum tímum. Stefnt er að því að skoða Rjómabúið á Baugsstöðum við gott tækifæri.

8. **Næsti fundur stjórnar.** Næsti fundur stjórnar Byggðasafns Árneseinga verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundj slitið kl. 19,30.

Sandra Sigurðardóttir
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir
Lýður Pálsson